

Afstöðumynd
Mkv 1:1500

Byggingarlýsing

Húsin eru fjögur 155 m2 raðhús á einni hæð við Kvistavelli 66-72 í Hafnarfirði. Lóðirnar eru alls 1727,5 m2 og er nýtingarhlutfallið er 0,417. Bílastæði er fyrir 2 bifreiðar við hvert hús.

Útveggir eru klæddir með láréttum álskífum á þrjár hliðar en hluti framhliðar er klæddur með lóðréttri harðviðarklæðningu. Útveggir eru einangraðir með 150 mm steinullareinangrun með λ = 0,035 w/mk. Grind í útveggjum er uppbyggð með 48x198 mm timbri af styrkleikaflokki C24. Grindin er sett saman með stálvinklum sem eru negldir með kambsaum. Á grind eru 12 mm vindþéttiplötur (Hunton Vindtett) sem hleypa raka út og vindstífa húsið að hluta. Viðbótar vindstífing er innan við plötuna með stálböndum 2x40 mm. Utaná vindþéttiplötur koma lóðréttir loftunarlistar 36x68 mm af styrkleikaflokki C18. Lárétt timburklæðning 25x150 mm er utaná loftunarlistum. 0,7 mm láréttar álskífur í brúnleitum lit eru festar utaná láréttu klæðninguna með sprotum. Að innan festist 0,2 mm rakarvarnarlag á burðargrindina sem er límt saman á samskeytum með þar til gerðu rakavarnarlímbandi. Innan við rakavarnarlag er lagnagrind 34x70 mm lárétt færð frá vegg með 20 mm krossviðarklossum. Spónaplötur 12 mm og 13 mm gifsplötur klæddar inná á lagnagrind á víxl. U-gildi útveggja er lægra en 0,2.

Innveggir eru byggðir upp með 48x98 mm C24 timbri c/c 600 mm, 100 mm steinull og tvöfaldri gifsklæðningu sem er víxllögð. Innveggir í votrýmum eru klæddir með 13 mm sementsplötum (aquapanel eða viroc) plötum.

Burðarveggir milli húsa eru eldvarnarveggir EI-90 byggðir upp með timburgrind 48x198 mm c/c 600 mm og 200 mm einangrun á milli stoða. Lárétt lagnagrind beggja vegna veggjar 34x70 mm og 30 mm steinull í lagnagrind. 12 mm sementsplötur (Viroc) á grind og 13 mm gifs í flokki 1 þar utaná.

Veggir á milli íbúðar og bílskúrs eru eldvarnarveggir EI-90 byggðir upp með timburgrind 48x148 mm c/c 600 mm og 150 mm einangrun á milli stoða. Lárétt lagnagrind bílskúrsmegin veggjar 34x70 mm og 30 mm steinull í lagnagrind. 12 mm sementsplötur (Viroc) á grind og 13 mm gifs í flokki 1 þar utan á báðu megin. Gönguhurðir í bílskúr eru EI-CS60.

Gluggar eru úr mahóni með tvöföldu K-gleri og állistum að utan í dökkgráum lit RAL 7016. *Útihurðir eru úr mahóni. U-gildi glugga er lægra en 0,2. Vegið meðaltal U-gildis glugga og* útveggja er lægra en 0,85 fyrir öll húsin.

Botnplata er steypt í hæðarkóta eins og hæðarblöð frá Hafnarfjarðarbæ segja til um. Plata í bílskúr er steypt 2 cm lægri til að hafa rými fyrir vatnshalla að niðurfalli. Botnplata er einangruð með 200 mm plasteinangrun með rúmþyngd 24 kg/m3 og 1000 mm niður með sökkli að innan með 75 mm plasti. Sökkull er einnig einangraður að utan með 50 mm einangrunarplasti sem er múrað uppá. U-gildi botnplötu er lægra en 0,3.

Þaksperrur eru 48x223 mm C24 c/c 600 mm festar við stálbita í mæni og stálbita sem liggur yfir miðju hafi. Stálbitarnir eru undirstuddir með límtréssúlum af styrkleikaflokki GL32 inní gaflvegg, vegg við þvottahús og bílskúrsvegg. Við þakbrún eru sperrur festar ofaná reim í útveggjagrind með vinklum og boltum. Einangrað er milli sperra með 200 mm einangrun. Loft er tekið niður yfir anddyri, baðherbergjum og þvottahúsi hvar útsogi er komið fyrir og leitt út fyrir hús undir þakkanti svo ekki þurfi að gata þak. Á þaksperrur koma 18 mm vindþéttiplötur (Hunton undertak) sem anda. Ofaná vindþéttiplötur koma loftunarlistar 36x68 mm af styrkleikaflokki C18 sem er lyft frá vindþéttiplötum með 16 mm krossviðarkubbum við allar festingar. Lárétt timburklæðning 25x150 mm er ofaná loftunarlistum. Þakklæðning er læst álklæðning í sama lit og veggklæðning sem festist á timburklæðningu með þar til gerðum festisprotum. Þak er loftað við þakrennu og kjöl. Undir þaksperrum er rakavarnarlag 0,2 mm og þar undir 34x70 mm lagnagrind c/c 600 mm. Á lagnagrind er klædd 13 mm gifsklæðning í flokki 1. U-gildi þaks er lægra en 0,2. Raflagnir liggja frá rafmagnstöflu í bílskúr upp bílskúrsvegg og inná loft í lagnagrind og þaðan niður í veggi. Raflagnir fyrir eyju eru settar í botnplötu undir járnagrind. Raflagnir eru úr 16 og 20 mm rörum og börkum. Stokkur smíðaður utanum lagnir í bílskúr úr sementsplötum til að tryggja brunaheldni.

Frárennslislagnir eru allar í jörð úr stífu PVC plasti. Minnsti halli á rörum er 20 ‰ og mesti halli er 300 ‰. Neysluvatnslagnir eru 16 og 20 mm plastlagnir lagðar í fóðurröri (rör í rör) hvar kalt vatn er lagt undir einangrun en heitt vatn í botnplötu undir járnagrind. Gólfhiti er í öllum gólfum 20x2 mm pex rör lögð í steypu ofan á járnagrindina. Millibil lagna í íbúðarrými er 200 mm nema við útveggi og á sérstökum stöðum þar sem millibilið er minna. Í bílskúr er millibil milli gólfhitaröra 3-400 mm. Hitanemar inni í hverju rými sem stjórna hita kerfisins.

Snjóbræðsla úr 25 mm snjóbræðslurörum sem leggst ofaná þjappað undirlag. Bil milli snjóbræðsluröra er 250 mm nema annað sé tekið fram. Að Kvistavöllum 66 og 72 (endahúsum) eru lagnir fyrir heitum potti í jörð. Allt lagnaefni er vottað skv. íslenskum kröfum. Loftræsing er merkt á aðaluppdrætti. Loftristar eru á hurðum inn í fataherbergi og geymslu. Fram kemur á aðaluppdráttum hvar björgunarop og gólfniðurföll verða staðsett.

Samþykki þann
19. júlí 2017
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Upprunalegur höfundur: Batterið ehf.

Útg.	Skýring / Breyting.	Dags.	Teiknað Yfirfarið

Snorri ehf
VERKKAUPI / EIGANDI

Raðhús
TEGUND VERKS

Kvistavellir 66-72
GATA/STAÐSETNING

Aðaluppdrættir
Afstöðumynd
Byggingarlýsing

LANDNÚMER:	204436
STAÐGR.:	5390-0660
MHL:	–
MKV.:	1:500
BLAÐSTÆRÐ:	A2
ÚTGÁFA DAGS:	07.07.17
TEIKNAÐ:	BB
YFIRFARIÐ:	EG

VERKNR.	MAPPA	SVÆÐI	ÁBYRGÐ	SFB NR.	RAÐNR.	ÚTGÁFA
0000					300	1

Jón Ólafur Ólafsson FAÍ
kt: 090658-4099

Sigurður Einarsson FAÍ
kt: 110457-2789

Sigurður Harðarson FAÍ
kt: 030446-3999

BATTERÍIÐ | ARKITEKTAR
Hvaleyrarbraut 32 | 220 Hafnarfirði | S: 54 54 700 | batteri@arkitekt.is | www.arkitekt.is

© BATTERÍIÐ | ARKITEKTAR
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Tölvuskrá: S:\BERGDIS\Fyrir Eyvind\Bygging\Kvistavellir-afstodumynd.dwg